



**Kveðja  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
til Íslendinga sem búsettir eru erlendis  
18. febrúar 2021**

Ágætu Íslendingar í útlöndum!

Héðan frá Bessastöðum sendi ég ykkur hlýjar kveðjur. Það er sjálfsagt en tilefnið er samt óvenjulegt. Síðustu misseri höfum við lifað undarlega daga, þurft að þola hvers kyns hömlur á ferðalög um víða veröld.

Vissulega njótum við þess flest að geta rætt við ættingja og aðra í síma og eftir ýmsum leiðum nýrrar tækni. Það er þó alltaf huggun harmi gegn. En þannig samskipti koma aldrei í stað þétts faðmlags, nærveru og notalegra samverustunda. Við hljótum að hlakka til þess að geta á ný ferðast hindrunarlaust frá einum stað til annars.

Auðvitað getur margt valdið því að fólk flytur af landi brott um lengri eða skemmri tíma; vinna eða nám, ást eða ævintýraþrá. Og þjóðfélagið hér er ekki fullkomið, langt frá því – ekki frekar en önnur samfélög. Hún er hættuleg þjóðremban, blind aðdáun á eigin landi og sögu, blandin fordómum um aðrar þjóðir. Hitt megum við þó svo sannarlega gera, að hampa heilbrigðri þjóðrækni, virðingu fyrir menningu, mannlífi og náttúru þessarar eyju sem okkur hefur verið trúað fyrir.

Eins er með heimþrá. Sé hún of sterk getur hún hamlað því að við náum að skjóta rótum, náum að skapa okkur nýtt líf á nýjum stað. Aftur á móti geta góðar minningar um uppruna okkar og fortíð lyft andanum, aukið þrek og þor. Þetta orðaði Klettafjallaskáldið Stephan G. Stephansson svo vel við byrjun síðustu aldar, fjarri æskulóðum eftir flutning til Vesturheims:

Þótt þú langförull legðir  
sérhvert land undir fót,  
bera hugur og hjarta  
samt þíns heimalands mót.

Kæru landar: Lausn er í sjónmáli, senn mun okkur takast að vinna bug á veirufjandanum. Þá getum við fundið frelsi okkar á ný, þá getum við ferðast að vild. Þá getið þið haldið heim til Íslands, faðmað ástvini, fundið fyrir hressandi íslensku roki og rigningu, farið í sund, fengið ykkur ís, fagnað því að vera úti í guðsgrænni náttúrunni, til sveita eða við sjávarsíðu, í borginni eða óbyggðum. En þangað til þreyjum við þorrann. Ég ítreka góðar kveðjur mínar til ykkar allra og verið ávallt velkomin heim.